



**Fundargerð**  
29. fulltrúafundar Sjúkraliðafélags Íslands

Haldið í fjarfundi  
fimmtudaginn 10. september, 2020, kl. 10:00,  
í félagsaðstöðu sjúkraliða við Grensásveg 16, Reykjavík

Dagskrá fulltrúafundar:

1. Þingsetning,
2. Nafnakall þingfulltrúa
3. Kosning starfsmanna þingsins, forseta, varaforseta og tveggja þingritara
4. Lýst formannskjóri, - á ekki við.
5. Kosið í starfsnefndir þingsins
6. Skýrsla formanns
7. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar til samþykktar, með skýringum gjaldkera
8. Lagabreytingar
9. Kosning til stjórnar. Kosið er í embætti varaformanns, ritara og gjaldkera, auk varamanna í störf gjaldkera og ritara
10. Kosning tveggja félagskjörinna skoðunarmanna og jafn margra til vara
11. Ákvörðun félagsgjalda fyrir starfandi félagsmenn og fagfélaga.  
Afgreiðsla fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár,
12. Tillögur, mál og nefndarálit tekin til umræðu og afgreiðslu,
13. Kosning fastanefnda samkvæmt lögum SLFÍ [þ.m.t fulltrúa félagsins á bandalagsþing og aðalfundi BSRB.]
14. Kjaramál
15. Önnur mál

## 1. Þingsetning.

Formaður Sjúkraliðafélags Íslands, Sandra B. Franks, bauð þingfulltrúa velkomna á 29. fulltrúaðing félagsins sem haldið var í fjarfundi vegna óvissu í samfélaginu vegna Covid – 19. Þinginu var jafnframt streymt á lokaðan facebook hóp trúnaðarmanna. Þá setti formaður þingið með [stefnumótandi setningarræðu](#).

## 2. Nafnakall þingfulltrúa.

Hulda Birna Frímansdóttir, formaður kjörstjórnar viðhafði nafnakall. Þrír voru fjarverandi.

## 3. Kosning starfsmanna þingsins, forseta, varaforseta og tveggja þingritara.

Sandra B. Franks, formaður, bar upp tillögu stjórnar um Gunnar Örn Gunnarsson (GÖG) sem forseta þingsins, Birnu Ólafsdóttur (BÓ) sem varaforseta og Birnu Ósk Björnsdóttur (BÓB) og Jóhönnu Traustadóttur (JT), sem ritara þingsins. Engar fleiri tillögur bárust og var tillagan samþykkt samhljóða.

GÖG tók við fundinum og byrjaði á að fara yfir mikilvæg atriði varðand framkvæmd á þessum fyrsta rafræna fulltrúaðingi Sjúkraliðafélags Íslands, framkvæmd rafrænna kosninga. AP media sá um utanum haldið á kosningunni og Sigurður J Guðmundsson tæknimaður var til aðstoðar á fulltrúaðinginu.

## 4. Lýst formannskjöri, á ekki við.

## 5. Kosið í starfsnefndir þingsins.

Vegna Covid – 19 var ekki kosið í starfsnefndir á fulltrúaðinginu. Drög að ályktunum þingsins voru sendar út til kjörinna þingfulltrúa til kynningar.

## 6. Skýrsla formanns.

Formaður Sandra B. Franks mælti fyrir skýrslu formanns og fór yfir það helsta sem fram fór á starfsárinu. Skýrslan er gefin út á rafrænu formi á heimsíðu félagsins, sjá hér: [Ársskýrsla 2020](#)

## 7. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar til samþykktar, með skýringum gjaldkera.

Jóna Jóhanna Sveinsdóttir gjaldkeri og GÖG framkvæmdastjóri fyrir Orlofssjóð.

JJS fór yfir reikninga félagsins. Í þeirri yfirferð kom fram að innkomin félagsgjöld höfðu lækkað milli ára. Á móti kom að útgjöld voru lægri milli ára svo félagssjóður skilaði rekstrar afgangi. Fram kom að Starfsþróunarsjóður hefði lagt til ákveðna upphæð til húsnæðismála og væri afkoma félagssjóðs því lægri sem þeirri upphæð nemur. Inneign í Vinnudeilu- og verkfallsjóði jókst, sem má rekja til góðrar ávöxtunar verðbréfa og að ekki kom til verkfallsátaka á árinu. Bent var á útgjöld vegna auglýsinga sem tengdust

herferð í byrjun kjarabaráttu félagsins og voru greiddar úr verkfallssjóði. Minningasjóður stendur nokkuð óbreyttur milli ára, þ.s. lítil hreyfing er á honum. Ávöxtun fjármuna Starfsþróunarsjóðs gekk vel á milli ára. Fram kom að 2019 færðist til tekna aukaframlag úr ríkissjóði vegna árána 2016-2019 og aukin gjöld voru vegna ýmiss kostnaðar sem hlaust af breyttum rekstri sjóðsins ásamt því að sjóðurinn kostaði kynningarátak félagsins. Ávöxtun fjármuna Starfsmenntasjóðs gekk einnig vel þetta árið. Umbun til trúnaðarmanna er greidd úr Starfsmenntasjóði. Fram kom að umbun vegna 2018 og 2019 var greidd út á síðasta ári sem skýrir háa greiðslu til trúnaðarmanna á síðasta ári.

GÖG fór yfir reikninga orlofssjóðs og stöðu hans, en staða hans er í góðu jafnvægi þó að leigutekjur hafi lækkað á milli ára.

GÖG sagði frá því að orlofsnefnd hefur ákveðið að selja íbúðina í Safamýri því hún er ekki nógu vinsæl og félagsmenn hafa kvartað undan staðsetningu íbúðarinnar. Orlofssjóður hefur ákveðið að gera tilboð í eign á Kirkjusandi sem er öll hin glæsilegasta, lyfta er í húsinu og allt aðgengi mjög gott.

BÓ gaf orðið laust og bauð þingfulltrúum að koma með fyrirspurnir varðandi reikninga. Engar fyrirspurnir komu fram en nokkrar um orlofsmálin almennt.

GÖG svaraði spurningum varðandi frekari kaup á húseignum hérlendis og erlendis. Orlofsnefndin hefur horft til þess að kaupa húseign erlendis en það er bið á því, þ.s. áherslan verður næst á eign á Akureyri. Í umræðunni er að nemar hefðu forgang þar vegna væntanlegs fagháskólanáms. Fyrirspurn kom varðandi að kaupa aðgang að gistiheimili fyrir nema og svaraði GÖG því til að vert sé að skoða það.

Fyrirspurn kom varðandi orlofseign á Austurlandi. GÖG svaraði því að orlofsnefnd hefði gefist kostur á að kaupa eign austan við Lón sem kostaði 36 milljónir, en orlofsnefndi ákvað að fresta öllum slíkum vangaveltum í bili.

Kosning um ársreikninga var borin undir rafræn atkvæði og voru þeir samþykktir samhljóða.

## **8. Lagabreytingar.**

GÖG fór yfir tillögur stjórnar um breytingar á lögum Sjúkraliðafélags Ísland. Drög að tillögum til breytinga á lögum félagsins var send til laganefndar SLFÍ. Engar athugasemdir bárust frá nefndinni. Bent var á að tímabært var orðið að fara í heildarendurskoðun á lögum félagsins. Með þessum breytingum er verið að uppfæra anda laganna í takt við breytta tíma og skerpa á því sem vafi væri á og einnig að uppfær löggin í takt við nafnabreytingar á félagsdeildum. Ástæða nafnabreytinga deilda félagsins er að samræma nöfn þeirra og heiti við heiti heilbrigðisumdæma landsins.

BÓ opnar fyrir spurningar varðandi uppfærslu á lögnum. Fyrirspurn varðandi eign á félagsnælnni. GÖG benti á að ekki væri um eign að ræða heldur væri nælan í eigu félagsins, það gjald sem væri greitt væri í raun leiguverð, þannig fer nælan til vörslu hjá SLFÍ við andlát félagsmanns. GÖG mælist til þess að umræða um eignarhald nælunnar verði tekið aftur upp að ári en þá verði búið að móta reglurnar betur.

Kosning borin undir rafræn atkvæði og var tillagan samþykkt samhljóða. Hægt er að lesa [lög Sjúkraliðafélags Íslands](#) á heimasíðu félagsins, slfi.is.

#### **9. Kosning til stjórnar. Kosið er í embætti varaformanns, ritara og gjaldkera, auk varamanna í störf gjaldkera og ritara.**

Jakobína Rut Daníelsdóttir (JRD), formaður uppstillinganefndar fór yfir tillögur nefndarinnar um stjórn félagsins.

Kosning um tillögu nefndarinnar var borin undir atkvæði og var hún samþykkt samhljóða.

#### **10. Kosning tveggja félagskjörinna skoðunarmanna og jafn margra til vara.**

JRD fór yfir tillögur nefndarinnar. Sem félagskjörnir skoðunarmenn gefa þær María Þórarinsdóttir og Ólafía Ingvarsdóttir kost á sér áfram sem skoðunarmenn til ársins 2021 og þær Guðlaug Þráinsdóttir og Ásdís María Jónsdóttir gefa kost á sér áfram sem vara skoðunarmenn til 2021.

Kosning skoðunarmanna reikninga var borin undir atkvæði og samþykkt.

#### **11. Ákvörðun félagsgjalda fyrir starfandi félagsmenn og fagfélaga. Staðfesting á fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár.**

JJS fór yfir fjárhagsáætlun félagssjóðs og GÖG fór yfir fjárhagsáætlun Orlofssjóðs.

JJS lagði fram eftirfarandi tillögur:

- að stéttarfélagsgjöld yrðu óbreytt 1,4% af öllum launum fyrir næsta starfsár
- að fagfélagsgjöld yrðu óbreytt kr. 10.000.- fyrir árið 2020
- að stéttarfélagsgjöld hvers sjúkraliða yrði að hámarki kr. 103.000.- fyrir árið 2020

BÓ opnaði fyrir umræður um fjárhagsáætlun SLFÍ og Orlofssjóðs.

Engar athugasemdir komu fram um tillögurnar og fjárhagsáætlanir félagssjóðs og Orlofssjóðs. Kosning um tillögurnar voru bornar undir rafræn atkvæði og voru þær samþykktar samhljóða.

#### **12. Tillögur, mál og nefndarálit tekin til umræðu og afgreiðslu.**

Sandra B. Franks mælti fyrir fjórum stefnumótandi ályktunum og gaf orðið laust. Engar athugasemdir bárust. Hægt er að lesa ályktanirnar á heimsíðu félagsins, sjá hér:

[Ályktun um fagháskóla-/diplomanám](#)

[Ályktun um fagráð](#)

[Ályktun um forgangsrétt sjúkraliða til umönnunar- og hjúkrunarstarfs](#)

[Ályktun um mönnunarstefnu](#)

Ályktanirnar voru því bornar upp til samþykktar eða synjunar og voru þær samþykktar samhljóða.

### **13. Kosning fastanefnda samkvæmt lögum SLFÍ, [þ.m.t fulltrúa félagsins á bandalagsþingi og aðalfundi BSRB.]**

JRD fór yfir tillögu nefndarinnar í fastanefndir SLFÍ.

- Kosning fastanefnda samkvæmt lögum SLFÍ [þ.m.t fulltrúa félagsins á bandalagsþingi og aðalfundi BSRB.]
- Í fræðslunefnd gefur Birna Ólafsdóttir kost á sér áfram til 2021, Þórdís R. Malmquist varamaður hættir og í hennar stað er tillaga um Láru Maríu Valgerðardóttur til 2022.
- Í Laganefnd gefur Freydís Anna Ingvarsdóttir kost á sér áfram til 2022, Steinunn Svaborg Gísladóttir varamaður hættir og í hennar stað er tillaga um Ástu Marteinsdóttur til 2022.
- Í Minningar – og styrkarsjóð gefur Kristín Ólafsdóttir kost á sér áfram til 2022, Elísabet Pétursdóttir hættir og í hennar stað er tillaga um Ingu Ingimundardóttur til 2022.
- Í Vinnudeildu – og verkfallssjóð gefur Freydís Anna Ingvarsdóttir kost á sér áfram sem aðalmaður til 2022, Bergþóra Andrea Hilmarsdóttir varamaður gefur kost á sér til 2022. Jóna Guðmunda Helgadóttir varamaður hættir og í hennar stað er gerð tillaga um Önnu Spalevic til árið 2022.
- Í Siðanefnd gefa þær Sigrún Vallaðsdóttir og Þorbjörg Einarsdóttir kost á sér áfram til 2022.
- Í Kjörstjórn gefa þær Þórunn Arnardóttir og Þórdís Hannesdóttir kost á sér áfram til 2022, Friður Garðarsdóttir varamaður hættir og er gerð tillaga að Sigrúnu Sigurðardóttur í hennar stað til ársins 2022.
- Í Kjaramálanefnd gefa þær Jakobína Rut Daníelsdóttir og Þórunn M.J.H. Ólafsdóttir kost á sér áfram til 2022, Sóley Gróa Einarsdóttir og Hafdís Björgvinsdóttir hætta og er gerð tillaga um þær Sjöfn Þórgrímsdóttur og Þórhildi Unu Stefánsdóttur í þeirra stað til ársins 2022.
- Í Orlofsheimila og ferðanefnd gefa Úlfheiður Ingvarsdóttir og Ólöf Adda Sveinsdóttir kost á sér áfram til 2022.
- Í Ritnefnd gefur Bára Hjaltadóttir kost á sér áfram til 2023, en Unnur María Sólmundardóttir varamaður hættir og er gerð tillaga að Sigurði Guðmanni Diðrikssyni í hennar stað til ársins 2023.
- Uppstillinganefnd gerir tillögu um Söndru Bryndísardóttur Franks, formanns SLFÍ, Kristínu Ólafsdóttur, Jónu Jóhönnu Sveinsdóttur, Jóhönnu Traustadóttur og Birnu Ólafsdóttur til setu á aðalfundi BSRB árið 2021.

Tillögur nefndarinn voru bornar upp til rafrænnar kosningar og voru samþykktar samhljóða.

#### 14. Kjaramál.

GÖG fór yfir stöðu og gang kjaramála SLFÍ. Fór yfir gerðardóm sem færði sumum stéttum greiðslur sem aðrar stéttir fá ekki. Jafnframt benti hann á mikilvægi þess að hrekja þyrfti röksemdirnar sem færðar væru í gerðardómnum.

#### 15. Önnur mál.

SBF kynnti niðurstöður könnunar á áhuga sjúkraliða á framhaldsnám á háskólastigi, sem fer af stað haustið 2021. Alls svöruðu 643 könnuninni, 82,27% höfðu áhuga á að skrá sig í nýja námið. 65,79% sjúkraliða vilja hefja nám strax á næsta ári, 55,37% telja eftirsóknarvert að eiga kost á nokkurra vikna undirbúningsnámi og þá helst í faglegri ensku og tölvufærni.

SBF sagði frá því að þegar spurt var eftir hvaða braut sjúkraliðar myndu vilja fara á þá kom fram langmestur áhugi á öldrunarhjúkrun, heilsugæslu- og heimahjúkrun eða 41,84%, en 21,77% vildu fara í geð- og samfélagshjúkrun. Hvað varðar menntun hjá þeim sjúkraliðum sem svöruðu könnuninni þá kom fram að 38,41% hafa stúdentspróf, 9,18% hafa lokið háskólanámi í öðrum greinum.

*- Fundarmenn voru áhugasamir um námið og spurðu um fjölda þeirra sem teknir verða inn í námið í einu.*

SBF svarar því til að fyrsta árið sé gert ráð fyrir 20 nemendum, og svo 20 á hverju ári eftir það. Þegar búið væri að keyra námið í tvö ár þá verði 80 nemendur í þessu námi.

*- Spurt var um undirbúningsnám fyrir diplomanámið.*

SBF sagði að það væri í athugun og taldi líklegt að svo yrði en þetta ætti allt eftir að skýrast betur.

SBF fór yfir breytingar sem gerðar voru á úthlutunarreglum menntasjóða, búið er að hækka styrkina í 300.000.- á hverja 24 mánuði úr sjóðunum okkar.

SBF fór yfir vinnuna sem er að hefjast um styttingu vinnuvikunnar og að verið sé að auglýsa eftir fólki sem hefur áhuga varðandi að vera í þessari vinnu. SBF bendir á að þeir sem hafa áhuga á þessari vinnu sendi netfangið sitt til Birnu Óskar sem kemur þá þeim áfram.

Rætt var um félagsaðild sjúkraliða sem verða hjúkrunarfræðingar. Dæmi er um að þeir sem hafa lært hjúkrunarfræði óska eftir félagsaðild SLFÍ.

SBF svaraði því til að að komið hefur fyrirspurn frá hjúkrunarfræðingi um að fá að vinna sem sjúkraliði með leyfisbréf, en hún er menntaður hjúkrunarfræðingur frá Þýskalandi og hefur starfsleyfi sem hjúkrunarfræðingur á Íslandi. Þessari fyrirspurn var beint áfram til landlæknis. Ástæðan fyrir þessari beiðni er að viðkomandi vill komast í nærhjúkrun og vill þess vegna vinna sem sjúkraliði og fá starfsleyfi sem slík.

JJS benti auk þess á að í landinu sé félagafrelsi og í kjarasamningum SLFÍ er ákvæði um sjúkraliða með B.S. gráðu.

GÖG og BÓ þökkðu þingfulltrúum fyrir góðan og gagnlegan fund.

**12. Þingslit.**

SBF þakkaði góða fundarsetu og sleit þingi kl. 14:10